

Mál nr. 269/2014
M og
V vegna slysatryggingar.

M krefst bóta úr slysatryggingu vegna slysa þ. 16.4.2014 eða fyrr.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 27.8.2014 ásamt fylgiskjöllum 1-7 og viðbótarskýrslu.
2. Bréf V dags. 8.9.2014 ásamt fylgiskjöllum 1-2

Málsatvik.

M er með slysatryggingu hjá V og krefst bóta vegna slysa sem hann hafi orðið fyrir. M segist hafa farið að finna fyrir verkjum undir hnéskel vinstri fótar samkvæmt tilkynningu um slys sem móttækin var af V þ. 2.5.2014. Þá lagðist M inn á sjúkrahús þ. 16.7.2014 vegna langvarandi blóðsýkingar. M segist hafa orðið fyrir slysi, sári á hendi sem hafi valdið sýkingu á blóðrás og orðið var við bólgu og síðar roða/sýkingu á vinstri rist og síðar hafi komið bólga/sýking fyrir ofan vinstri hnéskel og í júní hafi hann fengið heiftarlegan sting í bakið. V hafnar bótaskyldu og vísar til ódagsettrar tilkynningar M varðandi verki í hnéskel en þá tali M um að það hafi orðið þ.16.4.2014 eða fyrr. Einnig vísar V til áverkavottorðs dags. 8.5.2014 þar sem segir að ekki hafi verið um slys að ræða heldur sýkingu í húð. V vísar til greinargerðar M og þar liggi ekkert fyrir um að M hafi orðið fyrir slysi og ekkert sem bendi til þess miðað við læknisfræðileg gögn málsins.

Álit.

Ekki liggja fyrir nein læknisfræðileg gögn eða önnur gögn sem sýna fram á að M hafi orðið fyrir slysi eða slysum og líkamstjóns hans sé rakið til þess háttar atburðar. Það atvik sem M lýsir í tjónstilkynningu sinni að hafi átt sér stað „16. apríl 2014 eða fyrr“ verður ekki talið uppfylla skilyrði skilgreiningar á orðinu slys skv. gr. 2.2. í vátryggingarskilmálum almennrar slysatryggingar M. Þar sem ekki er sýnt að umrædd skilyrði, um skyndilegan utanaðkomandi atburð og að slíkur atburður valdi meiðslum á líkama, séu uppfyllt á M ekki rétt á bótum úr slysatryggingu sinni hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr slysatryggingu sinni hjá V.

Reykjavík 30.9.2014.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.